

AUGLÝSING

um deiliskipulag ferðaþjónustubýlis, Lýsuhóli, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2016, deiliskipulag ferðaþjónustubýlis að Lýsuhóli.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu í formi gistingar og hestaferða. Í tillögunni er gert ráð fyrir sex byggingarreitum, fimm fyrir gistirými og einum fyrir reiðhöll.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 22. nóvember 2016.

Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2016